

Reykjavík, 22. febrúar 2019

## **Samkomulag um sátt vegna brots Landsbankans hf. á 1. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti**

Hinn 21. desember 2018 gerðu Fjármálaeftirlitið og Landsbankinn hf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brota á 1. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa í tveimur tilvikum brotið gegn 1. mgr. 78. gr. vvl. með því að hafa láðst að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í Heimavöllum hf. Einnig viðurkennir málsaðili að hafa í einu tilviki brotið gegn 1. mgr. 86. gr. vvl. með því að hafa láðst að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í Heimavöllum hf. innan lögbundins tímafrests.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 15.000.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þessi eigi sér ekki stað á ný.

### **Málsatvik**

Málsaðili var eigandi að hlutum í Heimavöllum hf. Þann 31. maí 2018 fór eignarhlutur málsaðila yfir 5% af útgefni hlutafé í Heimavöllum hf. án þess að tilkynnt væri um viðskiptin skv. 1. mgr. 78. gr. vvl. Þann 7. júní 2018 fór eignarhlutur málsaðila undir 5% af útgefni hlutafé í Heimavöllum hf. án þess að tilkynnt væri um viðskiptin skv. 1. mgr. 78. gr. vvl. Hinn 11. júní 2018 fór eignarhlutur málsaðila yfir 5% af útgefni hlutafé í Heimavöllum hf. en málsaðili tilkynnti um viðskiptin hinn 27. júní 2018 og láðist því að tilkynna innan tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr. 86. gr. vvl. Málsaðili óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

### **Lagagrundvöllur**

Eigandi, sem aftar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%, samkvæmt 1. mgr. 78. gr. vvl. Tilkynninguna skal senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskyldan stofnaðist, samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl.

Brot á 1. mgr. 78. gr. og 86 gr. vvl. geta varðað stjórnvaldssektum, sbr. 16. og 20. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl., og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 1. mgr. 78. gr. og 86. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

### **Sektarfjárhæð**

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunar-tilkynninga, en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eigenda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráða yfir verulegum atkvæðisrétti í útgefandanum og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun þeirra.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að málsaðili tilkynnti Fjármálaeftirlitinu að eigin frumkvæði um öll brotin. Einnig var tekið mið af því að málsaðili hefur á síðustu fimm árum gerst brotlegur við 1. mgr. 86. gr. vvl. Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti, veltu málsaðila og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar er sektarfjárhæðin hæfilega ákveðin 15.000.000 krónur.

### **Réttaráhrif**

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvis að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.